

REGLUGERÐ

um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 128/2011.

Ákvæði III. kafla um innlausn, IV. kafla um fjárfestingarheimildir og V. kafla um markaðssetningu gilda um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði eftir því sem við á.

II. KAFLI

Útvistun verkefna rekstrarfélags

2. gr.

Fjármálaeftirlitið skal því aðeins samþykkja útvistun verkefna rekstrarfélags skv. 17. gr. laga nr. 128/2011, að:

1. Útvistunin hindri ekki að mati Fjármálaeftirlitsins eftirlit með rekstrarfélaginu eða komi í veg fyrir að verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður sé rekinn með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.
2. Rekstraraðili sem annast fjárfestingar verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs í samræmi við fjárfestingarstefnu skv. 17. gr. laga nr. 128/2011, sé fjármálafyrirtæki sem heimild hefur til eignastýringar eða samsvarandi fyrirtæki með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Tryggt sé að fjármálafyrirtæki sem hefur staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og annast fjárfestingar verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs búi að mati Fjármálaeftirlitsins við sambærilegt eftirlit og verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir og samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti.
4. Ráðstafanir hafi verið gerðar sem geri rekstrarfélaginu kleift að hafa á hverjum tíma skilvirkt eftirlit með starfsemi rekstraraðilans.
5. Rekstrarfélagið geti hvenær sem er gefið frekari fyrirmæli til rekstraraðilans og sagt umsvifalaust upp samningi við hann um útvistun, ef það þjónar hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina eða hluta í sjóðnum.
6. Rekstraraðilinn sem útvista á verkefnum til, sé hæfur til að annast þau verkefni sem honum eru falin.

III. KAFLI

Innlausn.

3. gr.

Orðskýringar.

Í kafla þessum merkir til viðbótar við orðskýringar skv. 2. gr. laga nr. 128/2011:

1. *Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina eða hluta:* Markaðsvirði samanlagðra eigna verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs að frádregnum skuldum hans við innlausn samkvæmt 1. mgr. 28. gr. og 5. mgr. 58. gr. laga nr. 128/2011 þ.e. kaupgengi hlutdeildarskírteina eða hluta.
2. *Sölugengi hlutdeildarskírteina eða hluta :* Söluverð hlutdeildarskírteina eða hluta.

4. gr.

Mat á virði eigna.

Mat á eignum verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Fjármálagerningar í eigu verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar.

5. gr.

Mat á virði annarra fjármálagerninga.

Virði annarra fjármálagerninga verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar en um ræðir í 4. gr., skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir mat eigna skv. 1. mgr. á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum.

Fyrir hvern verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða einstaka sjóðsdeild skal mynda niðurfærslureikning vegna fjármálagerninga sem um ræðir í 1. mgr. í því skyni að gengi hlutdeildarskírteina endurspegli sem best verðmæti eigna hlutaðeigandi sjóðs eða deildar á hverjum tíma.

6. gr.

Upplýsingar um gengi.

Kaupgengi, innlausnarvirði og sölugengi hlutdeildarskírteina eða hluta verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar skal reiknað út daglega.

Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um kaupgengi, innlausnarvirði og sölugengi hlutdeildarskírteina eða hluta verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar, svo og upplýsingar um umsýslu- og stjórnunarkostnað hlutaðeigandi sjóðs eða sjóðsdeildar til reiðu fyrir eigendur hlutdeildarskírteina.

IV. KAFLI

Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða

7. gr.

Framseljanleg verðbréf, skv. 1. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011.

Framseljanleg verðbréf í 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011 teljast fjármálagerningar sem uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

1. Tap verðbréfasjóðs vegna viðskipta með þau takmarkast við þá fjárhæð sem sjóðurinn greiddi fyrir verðbréfin.
2. Seljanleiki verðbréfanna raskar ekki getu verðbréfasjóðs til að verða við kröfum hlutdeildarskírteinishafa um innlausn þeirra í samræmi við 27. gr. laga nr. 128/2011. reglur.
3. Fyrir liggja áreiðanlegt verðmat:
 - a) Ef um er að ræða verðbréf sem hafa verið skráð eða verslað er með á skipulögðum markaði skv. 1. og 2. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011, skulu þau lúta nákvæmu, áreiðanlegu og reglubundnu verði, annað hvort markaðsverði eða verði sem er aðgengilegt með matskerfum sem eru óháð útgefendum.
 - b) Ef um er að ræða aðrar eignir sem falla undir 1. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, skulu þau lúta reglubundnu mati sem byggist á upplýsingum frá útgefanda verðbréfanna eða á samkeppnishæfum fjárfestingarrannsóknnum.
4. Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir:
 - a) Þegar um er að ræða verðbréf sem hafa verið skráð eða verslað er með á skipulegum markaði skv. 1. og 2. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 skulu upplýsingar til markaðarins um verðbréfin eða verðbréfasafnið vera reglulegar, nákvæmar og alhliða.
 - b) Þegar um er að ræða aðrar eignir skv. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011 skulu upplýsingar til verðbréfasjóðsins um verðbréf, eða þar sem við á um verðbréfasafnið, vera reglubundnar og nákvæmar.
5. Verðbréfin skulu vera umsemjanleg.
6. Fjárfesting í verðbréfunum skal vera í samræmi við fjárfestingarmarkmið og/eða fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins.
7. Áhættustýring rekstrarfélagsins nái til þeirra.

Að því er varðar 2. og 5. tölul. 1. mgr. skal litið svo á að fjármálagerningar, sem eru skráðir eða verslað er með á skipulegum markaði í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011 hafi ekki áhrif á innlausnarskyldu verðbréfasjóðs, sbr. 27. gr. laga nr. 128/2011 og einnig skal litið svo á að þeir séu framseljanlegir, nema verðbréfasjóður búi yfir upplýsingum sem myndu leiða til annarrar niðurstöðu.

8. gr.

Framseljanleg verðbréf í lokuðum sjóðum (closed-end funds).

Framseljanleg verðbréfa í 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga 128/2011 teljast einnig fjármálagerninga sem uppfylla eftirfarandi:

- a) hlutir í lokuðum sjóðum sem hafa verið stofnaðir sem fjárfestingarfélög (e. *investment company*) eða fjárhaldssjóðir (e. *unit trust*) sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- 1) uppfylla skilyrði 1. mgr. 7. gr.;
 - 2) hlíta reglum eða viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gilda um félög;
 - 3) fari annar lögaðili en félag með eignastýringu fyrir hönd lokaðs sjóðs þá lúti hann sambærilegum lögum og reglum og gilda um fjárfestavernd á skipulegum verðbréfamarkaði;
- b) hlutir í lokuðum sjóðum sem hafa stofnast með samningum og uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- 1) uppfylla skilyrði 1. mgr. 7. gr.;
 - 2) hlíta reglum eða viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem jafngilda þeim er gilda um félög;
 - 3) er stjórnað af aðila sem lýtur lögum og reglum er gilda á skipulegum verðbréfamarkaði til að tryggja fjárfestavernd,
- c) fjármálagerningur sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- 1) uppfylla skilyrði 1. mgr. 7. gr.
 - 2) eru tryggðir eða tengjast frammistöðu annarra eigna, sem kunna að vera aðrar eignir en þeirra sem getið er í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 128/2011.

Hafi fjármálagerningur skv. c-lið að geyma innbyggða afleiðu skulu ákvæði 34. gr. laga nr. 128/2011 gilda um hann.

9. gr.

Hugtakið peningamarkaðsgerningur, skv. 7. tölul. 2. gr. laga nr. 128/2011.

Með peningamarkaðsgerningum er átt við fjármálagerninga sem eru skráðir eða verslað er með á skipulegum markaði, sbr. 1. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 og fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á skipulögðum markaði sbr. 7. tölul. 30. gr. sömu laga.

Litið skal svo á að þegar vísað er til peningamarkaðsgerninga, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. sem venjulega er verslað með á skipulegum markaði, sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla eitt eftirtalinna skilyrða:

- a) líftími þeirra við útgáfu er 397 dagar eða skemmri,
- b) eftirstandandi líftími þeirra er 397 dagar eða skemmri,
- c) þeir lúta reglubundinni arðsemisaðlögun í samræmi við aðstæður á markaði á a.m.k. 397 daga fresti, eða
- d) áhættulýsing þeirra, þ.m.t. láns- og vaxtaáhætta, samsvarar þeim fjármálagerningum sem hafa líftíma, sem um getur í a- og b-liðum eða eru háðir arðsemisaðlögun skv. c-lið.

Peningamarkaðsgerningar skulu vera auðseljanlegir, með tilliti til skyldu verðbréfasjóðsins til endurkaupa eða innlausnar hlutdeildarskírteina að ósk eiganda þeirra í samræmi við reglur þar um.

Peningamarkaðsgerninga skal vera unnt að verðmeta hvenær sem er. Litið er svo á að átt sé við fjármálagerninga sem unnt er að meta með tiltækum, nákvæmum og áreiðanlegum verðmatskerfum sem uppfylla neðangreindar kröfur:

- a) geri verðbréfasjóði kleift að reikna hreint virði eigna í samræmi við verð sem fengist fyrir fjármálagerning í eignasafninu í viðskiptum á milli ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna og,
- b) kerfið sé annað hvort byggt á markaðsgögnum eða á virðislíkönum, þ.m.t. kerfi sem byggist á afskrifuðu kostnaðarverði.

10. gr.

Peningamarkaðsgerningar sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða, skv. 7. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011.

Verðbréfasjóður, fjárfestingarsjóður eða sjóðsdeild geta því aðeins átt viðskipti með aðra peningamarkaðsgerninga en viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði sbr. 7. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011, ef útgáfa eða útgefandi þessara gerninga sætir lögbundnu eftirliti sem hefur þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé, og að því tilskyldu:

1. að ríkisstjórn eða svæðis- eða staðaryfirvöld eða seðlabanki ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, Seðlabanki Evrópu, Evrópusambandið eða Fjárfestingarbanki Evrópu, þriðja land eða, ef um sambandsríki er að ræða, eitt ríkjanna í Evrópusambandinu eða opinber eða alþjóðleg stofnun, sem eitt eða fleiri ríkja innan Evrópska efnahagssvæðinu eiga aðild að, gefi þá út eða ábyrgist þá, eða
2. að sé útgefandi peningamarkaðsgerninga félag, hafi verðbréf félagsins verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum á þann veg sem mælt er fyrir um í a-, b- eða c-lið 1. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011, eða
3. félag sem gefi þau út eða ábyrgist þau sætir opinberu eftirliti í samræmi við það sem lög og reglur kveða á um í, eða
4. aðrir aðilar sem tilheyrja flokkum er Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt, gefi gerningana út eða ábyrgist þá, að því tilskyldu að:
 - a) fjárfesting í slíkum gerningum heyri undir fjárfestavernd sem jafngildir þeirri vernd sem gildir á skipulegum verðbréfamarkaði og,
 - b) útgefandi fjármálagerninganna:
 - i. hafi eigið fé sem nemi að minnsta kosti 10 milljónum evra;
 - ii. birtí ársreikninga sína í samræmi við lög um ársreikninga og,
 - iii. sé annaðhvort aðili innan samstæðu, með eitt eða fleiri skráð félög, sem hefur að hlutverki að fjármagna samstæðuna eða, er aðili sem helgar sig fjármögnun verðbréfunar með stoð í lánalínu við fjármálastofnun.

Með verðbréfun er átt við strúktúr, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, sjóði eða samninga, sem komið er á fót í þeim tilgangi að reka starfsemi um verðbréfun.

Með lánalínu er átt við bankaþjónustu sem veitt er af fjármálastofnun sem uppfyllir skilyrði þessarar greinar.

11. gr.

Peningamarkaðsgerningar utan skipulegra verðbréfamarkaða þar sem útgáfa eða útgefendandi sætir eftirlit skv. 3. tölu. 10. gr.

Til þess að verðbréfasjóði sé heimilt að binda fé sitt í peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru stunduð með utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar útgáfa eða útgefandi þeirra sætir eftirliti lögbærs aðila, skv. 3. tölul. 10. gr. skulu *peningamarkaðsgerningar* að auki uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) uppfylla eitt af skilyrðum 2. mgr. 9. gr. og öll skilyrði 3. og 4. mgr. 9. gr.,
- b) viðeigandi upplýsingar séu tiltækar um peningamarkaðsgerningana, þ.m.t. upplýsingar sem gera kleift að framkvæma mat á lánsáhættu í tengslum við fjárfestingu í slíkum gerningum sbr. 12. gr.,
- c) vera framseljanleg án takmarkana.

12. gr.

Nánar um upplýsingar um peningamarkaðsgerninga utan skipulegra verðbréfamarkaða skv. b-lið 11. gr.

Ef um er að ræða peningamarkaðsgerninga, sem 2. og 4. tölul. 10. gr. tekur til eða peningamarkaðsgerninga sem gefnir eru út af staðar- eða svæðisyfirvöldum aðildarríkis eða opinberri, alþjóðlegri stofnun en eru án ábyrgðar aðildarríkis eða ef um ríki á evrópska efnahagssvæðinu er að ræða skulu upplýsingar sem vísað er til í b-lið 11. gr. vera eftirfarandi:

- a) upplýsingar um bæði útgefanda eða útgáfuáætlun og um lagalega og fjárhagslega stöðu útgefanda skulu liggja fyrir áður en peningamarkaðsgerningurinn er útgefinn,
- b) upplýsingar skv. a-lið skulu reglulega uppfærðar og ætíð þegar mikilvægir atburðir eiga sér stað,
- c) upplýsingar skv. a-lið skulu sannprófaðar af viðurkenndum þriðja aðila sem tekur ekki við fyrirmælum frá útgefanda,
- d) aðgengilegar og áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um útgáfuna eða útgáfuáætlunina. Þegar um er að ræða peningamarkaðsgerninga sem gefnir eru út, samkvæmt 3. tölul. 10. gr., skulu upplýsingar sem vísað er til í b-lið 11. gr. vera eftirfarandi:
 - a) upplýsingar um útgáfu eða útgáfukerfi eða um lagalega- og fjárhagslega stöðu útgefanda fyrir útgáfu peningamarkaðsgerningsins,
 - b) Upplýsingarnar skv. a-lið. skulu reglulega uppfærðar og ætíð þegar mikilvægir atburðir eiga sér stað.
 - c) aðgengilegar og áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um útgáfuna eða útgáfuáætlunina eða önnur gögn sem gera kleift að framkvæma viðeigandi mat á lánsáhættu í tengslum við fjárfestinguna í slíkum gerningum.

Þegar um er að ræða peningamarkaðsgerninga sem 1. tölul. 10. gr. tekur til, að utanskildum þeim sem getið er um í 1. mgr. þessarar greinar og þeirra sem gefnir eru út af Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríki, skulu upplýsingar samkvæmt b-lið 11. gr. samanstanda af upplýsingum um útgáfuna eða útgáfuáætlun eða um lagalega og fjárhagslega stöðu útgefanda fyrir útgáfu peningamarkaðsgerningsins.

13. gr.

Útgefandi peningamarkaðsgerninga utan skipulegra verðbréfamarkaða þar sem útgáfa eða útgefendandi sætir eftirlit skv. 3. tölul. 10.gr.

Til þess að verðbréfasjóði sé heimilt að binda fé sitt í peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru stunduð með utan skipulegra verðbréfamarkaða skal *útgefandi* sbr 3. tölul. 10. gr., uppfylla eitt af eftirtöldum skilyrðum:

- a) vera staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu,
- b) vera staðsettur í einu af iðnríkjunum tíu innan OECD,
- c) hafa a.m.k. lánshæfismat (investment grade),
- d) að unnt sé að sýna fram á með ítarlegri greiningu á útgefanda, að varfærnisreglur, sem eiga við þann útgefanda, séu a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum sem gilda á fjármálamarkaði evrópska efnahagssvæðisins.

14. gr.

Aðrar seljanlegar eignir, skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 128/2011, sem eru afleiður.

Afleiður, sem falla undir hugtakið aðrar seljanlegar eignir sbr. 1. gr. laga nr. 128/2011, skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) skulu falla undir eignir eins og þær eru skilgreindar í 1. – 7. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011, þ.m.t. fjármálagerningum sem hafa eitt eða fleiri einkenni þessara eigna,
- b) bera vexti,
- c) miða við gengi gjaldmiðla eða verðbréfavísitalna,

Ef um er að ræða afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða (e. OTC derivatives) skulu þær uppfylla skilyrði 6. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011.

Afleiður, sem eru skráðar á skipulögðum verðbréfamarkaði og afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, skv. 5. og 6. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þær heimili yfirfærslu lánsfjárahættu eignar, sem fellur undir 1-7. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011, óháð annarri áhættu sem fylgir þeirri eign,
- b) þær hafi ekki í för með sér afhendingu eða tilfærslu eigna, þ.m.t. í reiðufé, að öðru leyti en því sem um getur í 30. gr. og 1. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011,
- c) þær samræmist skilyrðum fyrir afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða (e. OTC derivatives), sbr. 3-5. másl. 6. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011, sbr. ákvæði þessarar greinar.
- d) varið sé gegn áhættu vegna þeirra með áhættustýringu og innra eftirlitskerfi ef um er að ræða áhættu vegna ósamhverfra upplýsinga frá verðbréfasjóðnum og mótaðila lánsfjárafleiðu sem stafar af hugsanlegum aðgangi gagnaðilans að óopinberum upplýsingum um fyrirtæki þar sem eignir þess eru notaðar til grundvallar lánaafleiðum.

Með orðinu raunvirði í 5. másl. 6. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 er átt við þá fjárhæð sem fengist við sölu eignar eða við uppgjör skuldar í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna.

Með verðmati með áreiðanlegum hætti í 4. másl. 6. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 er átt við áreiðanlegt og sannreynanlegt mat, unnið af verðbréfasjóðnum, sem samsvarar raunvirði, sbr. 3. mgr. Matið skal byggt á markaðsskráningu gagnaðila og á áreiðanlegu uppfærðu markaðsvirði gerningsins, eða ef það er ekki fyrir hendi, verðlagningarlíkani sem reist er á fullnægjandi og viðurkenndum aðferðum. Sannprófun á matinu skal framkvæmd af einum af eftirfarandi aðilum:

- a) viðeigandi þriðja aðila, sem er óháður mótaðila afleiðu utan skipulegs verðbréfamarkaðar, framkvæmt með hæfilegu millibili og á þann hátt að verðbréfasjóðurinn geti haft eftirlit með því eða,
- b) einingu innan verðbréfasjóðsins sem er óháð deildinni sem fer með sjóðsstýringu og hæf til að framkvæma slíka sannprófun.

Eignir sem getur í 1. gr. og 5. og 6. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 taka ekki til hrávöruafleiða.

15. gr.

Verðbréfavísitölur, skv. 5. og 6. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011.

Með verðbréfavísitölu í 5. og 6. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 er átt við vísitölu sem hefur fullnægjandi dreifingu að því leyti að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a) vísitalan er þannig samsett að breytingar á verðlagi eða viðskiptum varðandi einn þátt hafi ekki óhófleg áhrif á vísitöluna í heild,
- b) ef vísitalan er sett saman úr eignum sbr. 1. – 7. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 og uppfylli kröfur 2. másl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 128/2011 um áhættudreifingu.
- c) ef vísitalan er samsett úr öðrum eignum en þeim sem um getur í 1. – 7. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 skal áhættudreifing hennar sambærileg við þær kröfur sem gerðar eru 36. gr. laganna og 14. gr. þessarar reglugerðar.

Þá skal vísitalan endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti að því leyti að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a) vísitalan mæli á raunhæfan hátt árangur dæmigerðra undirliggjandi eigna,
- b) vísitalan skal vera endurskoðuð eða þættir í henni reglulega endurvegnir til að tryggja að vísitalan endurspegli ávallt markaðina sem hún á að endurspegla með því að fylgja opinberum og aðgengilegum viðmiðunum,
- c) undirliggjandi eignir séu nægilega auðseljanlegar þannig að endurvega megi vísitöluna ef þörf krefur,

Vísitalan skal jafnframt birt opinberlega og með viðeigandi hætti þannig að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a) útgáfuferlið sé byggt á traustum aðferðum við samantekt á verði og við útreikninga og síðar birtingar vísitölnnar, þ.m.t. aðferðir við verðlagningu vegna þátta ef markaðsverð liggur ekki fyrir,

b) mikilvægar upplýsingar, s.s. um útreikning vísitölu, aðferðir við að endurvega þætti vísitalna, breytingar á vísitölu eða hvers konar vandkvæði við framkvæmd á veitingu tímanlegra eða nákvæmra upplýsinga, séu veittar tímanlega og reglulega.

Ef samsetning eigna sem liggja til grundvallar afleiðusamningum í samræmi við 30. gr. laga nr. 128/2011, uppfyllir ekki skilyrði b-liðar 1. mgr. skal, ef samningarnir uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 14. gr. (afleiður), litið á þá sem afleiðusamninga samsetta úr eignunum er um getur í 1. – 3. tölul. 1. mgr. 14. gr.

16. gr.

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar með innbyggðri afleiðu, skv. 34 gr. laga nr. 128/2011.

Með framseljanlegum verðbréfum með innbyggðri afleiðu er átt við fjármálagerninga sem uppfylla skilyrði 7. gr. reglugerðar þessara sbr. 1. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011 og fela í sér þátt sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a) samkvæmt þeim þætti væri hægt að breyta að hluta til eða öllu leyti því sjóðstreymi sem annars væri gerð krafa um í framseljanlega verðbréfinu sem virkar eins og innbyggður samningur, í samræmi við tilgreinda vexti, verð fjármálagernings, gengi erlendra gjaldmiðla, vísitölu neysluverðs eða vaxta, lánshæfismat eða lánskjaravísitölu eða aðrar breytur og myndi þar af leiðandi breytast á svipaðan hátt og sjálfstæðar afleiður,
- b) efnahagsleg einkenni og áhætta séu ekki nátengd sömu þáttum vegna innbyggða sammingsins,
- c) þátturinn hafi umtalsverð áhrif á áhættulýsingu og verðlagningu framseljanlegra verðbréfa.

Til að peningamarkaðsgerningar teljist vera gerningar með innbyggðri afleiðu þurfa þeir að uppfylla eitt af skilyrðum 2. mgr. 9. gr. (um hugtakið peningamarkaðsgerningur), öll skilyrði. tölul. 4. mgr. 9. gr. sem og innihalda þátt sem uppfyllir viðmið 1. mgr. þessarar greinar.

Ekki skal litið svo á að framseljanlegt verðbréf eða peningamarkaðsgerningur hafi innbyggða afleiðu ef það felur í sér þátt sem samkvæmt samningi er framseljanlegur óháð framseljanlega verðbréfinu eða peningamarkaðsgerningnum. Slíkur þáttur skal teljast sérstakur fjármálagerningur.

17. gr

Vísitölusjóðir.

Verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða sjóðsdeild skv. 36. gr. laga nr. 128/2011, ber að endurspegla viðkomandi vísitölu í sömu hlutföllum og hún er samsett á hverjum tíma, sbr. þó 2. mgr. Þessi grein tekur ekki til sjóða sem miða að því að endurspegla árangur vísitölu og stefna að því að gera betur en vísitalan.

Nú verða breytingar á vísitölu þannig að nýir fjármálagerningar eru teknir í vísitöluna og fyrirbyggjandi fjármálagerningar felldir brott, og er þá verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða einstökum deildum hans heimilt að víkja tímabundið frá skilyrðum 1. másl. 1. mgr. vegna

markaðsaðstæðna, þ.e. ef seljanleiki fjármálagerninganna er lítill eða kostnaður við viðskipti með undirliggjandi fjármálagerninga óhæfilega hár.

Verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður samkvæmt þessari grein er ekki bundin af takmörkunum 3. mgr. 35. gr. og 4. mgr. 59. gr. nr. 128/2011.

18. gr.

Skilyrði vísitölusjóða.

Með endurspeglun á samsetningu tiltekinnar hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu í 36. gr. laga nr. 128/2011, er átt við endurspeglun samsetningu eigna sem liggja til grundvallar vísitölunni, þ.m.t. notkun á afleiðum, annarra aðferða og skjala.

Með fullnægjandi áhættudreifingu vísitölu er átt við vísitölu sem uppfyllir reglur 36. gr. laga nr. 128/2011 um áhættudreifingu.

Með því að vísitala endurspegli viðkomandi markað með fullnægjandi hætti, er í 36. gr. laga nr. 128/2011 átt við að vísitala sé fengin með viðurkenndri aðferðafræði sem felur almennt ekki í sér útilokun stórtæks útgefanda á markaðnum sem hún á við um.

Með birtingu vísitölu opinberlega er átt við að almenningur hafi aðgang að upplýsingunum og sá sem reiknar vísitöluna sé óháður vísitölusjóðnum. Það kemur þó ekki í veg fyrir að sá sem reiknar vísitöluna og vísitölusjóðurinn séu innan sömu samstæðu að því tilskildu að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum.

V. KAFLI

Markaðssetning erlendra verðbréfasjóða og annarra sjóða hér á landi.

19. gr.

Gildissvið.

Kaflinn þessi tekur til erlendra verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skv. 44. gr. laga nr. 128/2011.

Kaflinn þessi tekur einnig til annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, með staðfestu innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem hyggjast hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta sinna til almennings hér á landi skv. 45. gr. laga nr. 128/2011 og uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hafa að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.
2. Lúta eftirliti lögbærra aðila samkvæmt lögum heimaríkis viðkomandi sjóðs.
Ekki er heimilt að markaðssetja til almennings héraðs aðra erlenda sjóði um sameiginlega fjárfestingu en um er getið í þessari grein.

20. gr.

Upplýsingar á íslensku.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska eftir því að upplýsingar sem sendar eru því skv. kafla þessum skuli vera á íslensku.

Sama gildir um skjöl og aðrar upplýsingar sem verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu er skylt að gera opinberar í heimaríki sínu. Lykilupplýsingar skv. 51. gr. skulu þó ávallt vera aðgengilegar fjárfestum og liggja frammi þýddar á íslensku.

21. gr.

Heiti sjóða.

Verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að nota sama heiti og þeir nota í heimaríki sínu vegna markaðssetningar hlutdeildarskírteina og hluta sinna hér á landi. Sé heitið villandi eða feli í sér hættu á ruglingi er Fjármálaeftirlitinu þó heimilt að krefjast þess að nafn verðbréfasjóðs eða annars sjóðs um sameiginlega fjárfestingu verði auðkennt sérstaklega til skýringar.

22. gr.

Markaðssetningu hætt að kröfu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu að markaðssetja hlutdeildarskírteina eða hluta hér á landi sbr. 46. gr. laga nr. 128/2011 ef:

1. Ráðstafanir sjóðsins til að tryggja rétt viðskiptamanna til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar og þeirra upplýsinga sem skylt er að miðla teljast ekki nægilegar.
2. Sjóðurinn brýtur ítrekað eða með alvarlegum hætti gegn ákvæðum laga eða reglugerðar þessarar.
3. Ef sjóðurinn fylgir ekki áætlun um fyrirhugaða markaðssetningu.
4. Ef staðfesting sjóðsins, er afturkölluð í heimaríki.
5. Ef möguleikar íslenskra sjóða sbr. 48. gr. laga nr. 128/2011 til markaðssetningar í viðkomandi landi breytast eða falla niður.

VI. KAFLI

Upplýsingagjöf.

23. gr.

Ársreikningar og árshlutauppgjör.

Um sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða sérhverja deild sbr. 49. gr. laga nr. 128/2011 fer samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Kaflinn er ætlaður til fyllingar H. kafla í lögum nr. 128/2011.

24. gr.

Upplýsingar í útboðslýsingu.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu fyrir hvern verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð, eða sérhverrar deildar þeirra, sem það annast rekstur á. Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi sjóði.

Í útboðslýsingu skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar, auk þeirra sem krafist er í 52. gr. laga nr. 128/2011:

Upplýsingar um verðbréfasjóð eða fjárfestingarsjóð:

1. Heiti.
2. Stofndagur.
3. Hvort sjóður sé deildaskiptur.
4. Hvar fá megi reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins.
5. Stutt lýsing á skattareglum og skattalegri meðferð sem gilda um hlutdeildarskírteini eða hluti í sjóðnum og upplýsingar um kostnað og annan frádrátt frá tekjum eða hagnaði af fjármálagerningum í eigu sjóðsins sem eigendur sjóðsins fá í sinn hlut.
6. Birtingartími ársreiknings og árshlutauppgjörs og hvenær arður eða annar hagnaður af starfsemi sjóðsins verði greiddur út til eigenda.
7. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina eða hluta, meðal annars:
 - 7.1. eðli þeirra réttinda sem hlutdeildarskírteini eða hlutir veita,
 - 7.2. skilríki sem veita sönnun fyrir eignarrétti að hlutdeildarskírteinum eða hlutum og / eða færslum á skrá eða reikning,
 - 7.3. einkenni hlutdeildarskírteina eða hluta,
 - 7.4. atkvæðisréttur eigenda hlutdeildarskírteina eða hluta ef við á,
 - 7.5. við hverjar aðstæður megi ákveða að loka sjóðnum og hvernig að því skuli staðið, einkum með tilliti til réttar eigenda hans.
8. Þar sem við á skal tilgreina á hvaða skipulegum verðbréfamörkuðum hlutdeildarskírteinin eða hlutirnir eru eða munu verða skráðir eða ganga kaupum og sölum.
9. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina eða hluta.
10. Tilhögun og skilyrði fyrir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina eða hluta og við hverjar aðstæður megi fresta endurkaupum eða innlausn.
11. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna.
12. Fjárfestingarmarkmið verðbréfasjóðsins, þar á meðal fjárhagslegur tilgangur (þ.e. upp-söfnunar- eða tekjusjóður), fjárfestingarstefna (t.d. sérhæfing eftir landssvæðum eða atvinnugreinum), takmarkanir á þeirri fjárfestingarstefnu og tilgreining aðferða og, samninga eða lántökuheimilda sem heimilt er að nota við rekstur sjóðsins.
13. Reglur um mat eigna.
14. Ákvörðun um sölu- eða útgáfuverð og endurkaups- eða innlausnarverð hlutdeildarskírteina eða hluta, meðal annars:
 - 14.1. hvernig og hve oft verð eru reiknuð,
 - 14.2. upplýsingar um gjöld af sölu, útgáfu, endurkaup eða innlausn skírteina eða hluta,
 - 14.3. hvernig og hvar og hve oft verð eru birt.
15. Upplýsingar um þóknun sem sjóðurinn greiðir rekstrarfélagi, vörslufyrirtæki eða þriðja aðila, ef við á, hvers eðlis hún er, upphæð hennar og endurgreiðslu sjóðsins á kostnaði til þeirra.

Upplýsingar um rekstrarfélag:

1. Heiti, rekstrarform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa.
2. Stofndagur.
3. Aðrir sjóðir sem rekstrarfélagið annast rekstur á.
4. Nöfn og staða stjórnar, varastjórnar og framkvæmdastjóra rekstrarfélagsins. Upplýsingar um helstu störf þeirra utan rekstrarfélags, ef þau skipta máli hvað rekstrarfélagið snertir.
5. Nöfn og heimilisföng löggiltra endurskoðenda rekstrarfélagsins.
6. Hlutfé og hve mikið hefur verið greitt.

Upplýsingar um vörslufyrirtæki:

1. Heiti og félagsform.
2. Skráð skrifstofa.
3. Meginstarfsemi.

Aðrar upplýsingar:

1. Tilgreind skal sú starfsemi sem rekstrarfélaginu hefur verið heimilað að útvista.
2. Upplýsingar um aðila utan rekstrarfélags sem veita ráðgjöf samkvæmt samningi sem greitt er fyrir af eignum sjóðsins:
 - 2.1. Heiti fyrirtækisins eða nafn ráðgjafans.
 - 2.2. Þau ákvæði samningsins sem máli skipta og kunna að varða eigendur sjóðsins, að öðru leyti en hvað varðar þóknun.
 - 2.3. Önnur starfsemi sem máli skiptir.
3. Vekja skal athygli á heimild og nefnd þau ríki, sveitarstjórnir og/eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf sem sjóðurinn hefur fjárfest í eða hyggst fjárfesta í fyrir meira en 35% eigna sinna.
4. Fyrri árangur sjóðsins.
5. Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóðurinn er ætlaður fyrir.
6. Hugsanlegur kostnaður, nema útgjöld vegna 14. tölul. *upplýsinga um verðbréfasjóð og fjárfestingarsjóð*, og skal greina á milli þeirra sem eigendur hlutdeildarskírteina eða hluta greiða og þeirra sem greidd eru af eignum sjóðsins.

Reglur verðbréfasjóðs og fjárfestingarsjóðs skulu vera hluti útboðslýsingar og fylgja henni. Upplýsingar sem fram koma í reglunum þarf ekki að taka sérstaklega fram í útboðslýsingu.

Um lykilupplýsingar skv. 51. gr. er nánar fjallað í reglugerð nr. Xx/xxxx með stoð í 8. mgr. 52. gr. laga nr. 128/2011.

26. gr.

Form útboðslýsingar.

Útboðslýsing getur verið skriflegt skjal eða á varanlegum miðli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

27. gr.

Kynning og uppfærsla útboðslýsingar

Útboðslýsing og lykilupplýsingar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu. Verði breytingar á efnisatriðum útboðslýsingar eða lykilupplýsinga skulu þær sendar Fjármálaeftirlitinu og kynntar eigendum hlutdeildarskírteina eða hluta með opinberum hætti.

Helstu atriði útboðslýsingar skulu að jafnaði endurnýjuð eigi sjaldnar en árlega.

VII. KAFLI

28. gr.

Lögleiðing

Reglugerð þessi er sett með heimild í 18. gr., 49. gr., 52. gr., og 65. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði og er til innleiðingar á tilskipun 2007/16/EB, sem vísað er til í lið 30a í XI. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.

29. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er í þrjú mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar að semja og birta útdrátt úr útboðslýsingu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði í stað lykilupplýsinga.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, október 2013.

Guðmundur Árnason

Eva H. Baldursdóttir